



Fundargerð

Fundur í mennta og menningarmálanefndar Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 7. júní 2010, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Ingvar Samúelsson, Júlía Guðjónsdóttir skólastjóri, Björg Karlsdóttir leikskólastjóri, Steinunn Rasmus fyrir hönd kennara Reykhólaskóla, Ebba Gunnarsdóttir frá foreldrafélagi Reykhólaskóla og Katla Tryggvadóttir frá foreldrafélagi Hólabæjar. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk velkomið og var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar í mennta og menningarmálanefnd 31. mars 2011.

Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt.

2. Skóladagatal Reykhólaskóla skólaárið 2011 – 2012.

Skólastjóri fór yfir skóladagatal skólaársins 2011 - 2012, skóladagatal samþykkt. Einnig fór skólastjóri yfir ýmis atriði er varða næsta skólaár og fór fram á 148 stunda kennslukvóta. Nefndin beinir því til hreppsnefndar að samþykkja það.

3. Samvinna um tónlistakennslu.

Erindi frá Eyjólf Sturlaugssyni skólastjóra Auðarskóla, Dalabyggð 12. apríl 2011.

Nefndin fagnar erindinu og hvetur til þess að málið verði skoðað frekar.

4. Ósk eftir upplýsingum um sjálfsmat/ innra mat í Reykhólaskóla.

Erindi frá Mennta og menningarmálaráðuneyti dagsett 17. maí 2011.

Erindið lagt fram. Skólastjóri fór yfir vinnu vegna sjálfsmats fyrir skólaárið 2010 – 2011. Formaður og sveitarstjóri svara erindinu.

Mál til kynningar:

5. Fundargerðir stýrihóps um skólastefnu.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

6. Heimasíða Reykhólaskóla og Hólabæjar.

Heimasíða í vinnslu kynnt.

7. Könnun á gæðum mötuneytis skólanna.

Könnunin kynnt. Miklar umræður fóru fram. Fram kom óánægja með ákvörðun starfshóps. Nefndin beinir því til skólastjóra og starfshóps að útbúa verklýsingar fyrir mötuneytið og útbúa áætlun um eftirfylgni.

8. Eftirlit með leiksvæðum.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 19. maí 2011.

Sveitarstjóri tilkynnti að von væri á eftirlitsaðila til þess að taka út leiksvæði skólanna. Mennta og menningarmálanefnd ítrekar að farið verði í endurbætur við leiktæki á leikskólalóð til að tryggja öryggi barna.

9. Samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Samkomulag mennta og menningarmálaráðuneytis f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kynnt.

10. Umsögn um frumvarp til breytinga á grunnskólalögum, 747. mál

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpinu dagsett 10. maí 2011.

Kynnt.

11. Umsögn um frumvarps til barnaverndarlaga, 56. mál.

Sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga um 40. gr. frumvarpsins dagsett 12. maí 2011.

Kynnt.

12. Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði.

Erindi frá UMFÍ, dagsett 20. maí 2011.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver):

13. Breyting á starfi leikskólastjóra.

Ósk um breytingu á starfi leikskólastjóra, erindi frá leikskólastjóra borið fram á fundinum, ákvörðun frestað.

Fundargerð lesin, fundi slitið 12:00

